

## Reglur um umsókn, innritun, gjaldtöku og innheimtu skólamáltíða

### 1. Innritun í skólamötuneyti í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Í Reykjavík eru starfræktir 36 skólar og 3 sérskólar á vegum borgarinnar. Á heimasíðu Menntasviðs, [www.menntasvid.is](http://www.menntasvid.is) er að finna lista yfir alla grunnskóla borgarinnar í stafrófsröð og [eftir hverfum](#).

Innritun í mat í grunnskólum borgarinnar fer fram með undirskrifuðum samning sem er skilað til viðkomandi skóla. Einnig verður fljótlega í boði að hægt sé að skrá nemendur í mat í gegnum [Rafræna Reykjavík](#), þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Hægt er að fá aðstoð við að útfylla rafræna umsókn um mataráskrift á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri [Reykjavíkurborgar](#), Borgartúni 11 – 12, sími: 411 1111.

Uppsagnarfrestur á mötuneytisáskrift er einn mánuður og miðast við mánaðamót (sjá nánar í kafla 5 um innheimtuferlið).

### 2. Gjaldtaka

Gjaldsskrá Menntasviðs er 250 kr. pr. máltíð eða 5.000 kr. pr. mánuð. Þetta er reiknað sem jafnaðargjald 9 sinnum á ári.

Ef fleiri börn en tvö eru í heimili þá þarf einungis að greiða fyrir tvö yngstu börnin (sjá kafla 3.)

Fjárhæð fæðisgjalds og systkinaafsláttar á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá Menntasviðs Reykjavíkurborgar eins og hún er birt á heimasíðu sviðsins [www.menntasvid.is](http://www.menntasvid.is).

### 3. Systkinaafsláttur

Ef þrír nemendur eða fleiri eru í mataráskrift í grunnskóla borgarinnar, veitir Menntasvið 100% afslátt af fæðisgjaldi, fyrir elstu systkini sem er með sama lögheimili og yngri systkini. Aðeins er greitt fyrir tvö yngstu börnin.

### 4. Innheimta skólamáltíða

Unnt er að greiða skólamáltíðir með boðgreiðslum, beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla. Fæðisgjöld eru innheimt fyrirfram. Gjaldalagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum eftir gjalddaga.

Fæðisgjöld eru innheimt í 9 mánuði á ári júní, júlí ágúst er sumarfrí.

## **5. Innheimtuferli vegna vanskila**

Séu gjöld vegna skólamáltíða enn ógreidd að eindaga liðnum er foreldrum/forráðamönnum send innheimtuviðvörðun. Þó fá hvorki þeir sem gert hafa beingreiðslusamning né þeir sem greiða með boðgreiðslum send sérstök aðvörunarbréf. Innheimtuviðvörðun vegna vanskila eru send 5 dögum frá eindaga með tíu daga greiðslufresti

4 dögum eftir að innheimtuaðvörðun hafa verið send út er skólunum sendur kröfalisti.

Hafi reikningur ekki verið greiddur 50 dögum eftir gjalddaga er krafa send í milliinnheimtu. Þegar hér er komið í sögu er eingöngu hægt að semja um að greiða skuldina hjá þeim sem sér um milliinnheimtuna.

Hafi ekki verið greitt innan 110 daga frá gjalddaga áskilur Menntasvið Reykjavíkur sér rétt til þess að segja upp mataráskrift barnsins. Uppsögn miðast við mánaðarmót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Auk hefðbundinna dráttarvaxta fellur kostnaður við útsendingu innheimtuviðvörunar, og kostnaður við milliinnheimtu og lögfærðiinnheimtu á greiðenda.

Samþykkt á fundi menntaráðs 11. febrúar 2009.